

2288. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 19. janúar 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlökkversson, Torfi Rafn Halldórsson og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættir varamenn í stjórn: Halldór Breiðfjörð Jóhannsson (tók sæti Borghildar Sigurðardóttur).

Forföll: Borghildur Sigurðardóttir varaformaður og Pálmi Haraldsson.

Mættur sviðsstjóri innanlandssviðs í forföllum framkvæmdastjóra: Birkir Sveinsson sem ritaði fundargerð.

Þá tóku eftirfarandi starfsmenn KSÍ sæti á fundinum:

- Bryndís Einarisdóttir fjármálastjóri KSÍ undir dagskrárlið 3.
- Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ undir dagskrárlið 4.

Fundargögn:

- Minnisblað með fjárhagsáætlun
- Tillögur frá LLR vegna starfshóps um stjórnskipulag
- Riðlaskipting 5. deildar karla

1. Rætt um fundargerð síðasta fundar (2287) og ábendingar sem fram hafa komið vegna reglugerðarbreytingar um tekjur/kostnað í bikarkeppninni. Fundargerðin verður send út til stjórnar til samþykktar.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fréttir frá ÍTF.
 - a. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
 - ✓ Mótanefnd frá 17. janúar
 - b. Orri V. Hlökkversson flutti fréttir af vettvangi ÍTF. Aðalfundur ÍTF fer fram 13. febrúar næstkomandi.

Bryndís Einarisdóttir, fjármálastjóri KSÍ tók sæti á fundinum.

3. Fjármál

- a. Lögð voru fram til umræðu drög að fjárhagsáætlun 2023 og minnisblað. Farið var yfir einstaka þætti í fjárhagsáætlun, þar á meðal greiðslur vegna sjónvarpssendinga í bikarkeppninni og framlag til félaga vegna leyfiskerfis.

Bryndís Einarisdóttir vék af fundi.

Haukur Hinriksson tók sæti á fundinum.

4. Lög og reglugerðir

- a. Lagðar voru fram tillögur frá starfshópi um stjórnskipulag KSÍ. Tillögur starfshópsins, sem varða breytingar á lögum KSÍ voru í framhaldi unnar af laga- og leikreglnanefnd. Haukur Hinriksson fór yfir tillögurnar; Meðal annars var samþykkt að breyta eftirtöldum atriðum í fyrirbyggjandi tillögum:
 - ✓ Breyta 10.7 á þann hátt að liður i, j og k í 10.8 færist í 10.7. Einnig að ÍTF fái tvo fulltrúa.
 - ✓ Breyta 10.8 h lið í "einn fulltrúa ráðuneytis íþróttamála".
 - ✓ Rætt um lengd kjörtímabils hjá stjórnarmönnum. Samþykkt að leggja til að kjörtímabil formanns verði 4 ár (breyting), lengd aðalmanna verði 2 ár (óbreytt) og lengd varamanna verði tvö ár (breyting).
 - ✓ Samþykkt að samfelld seta stjórnarmanna megi að hámarki vera 12 ár.

- ✓ Samþykkt að skýra orðalag þar sem landsdeilda er getið og telja þess í stað upp viðkomandi deildir.
 - ✓ Samþykkt að fela laga- og leikreglanefnd að uppfæra texta í tillögum til samræmis við ofangreindar ákvarðanir stjórnar.
- b. Rætt um tillögu til breytinga á reglugerð um knattspyrnumót – ákvæði um tekjur og kostnað í bikarkeppni. *Stjórn KSÍ samþykkti að gera ekki frekari breytingar á fyrri ákvörðun.*

Haukur Hinriksson vék af fundi.

5. Verkefni milli funda.

- a. Kynningu sviðsstjóra knattspyrnusviðs var frestað til næsta fundar.
- b. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður greindi frá vinnustofu með barna- og unglingaráðum. Vel tókst til og var almenn ánægja með vinnustofuna.

6. Ársþing

- a. Rætt var um möguleg efnistöð á málþingi í tengslum við ársþing.

7. Mótamál

- a. Halldór B. Jóhannsson formaður dómarnefndar ræddi um dómaramál.
 - ✓ Rætt um að festa í sessi heimild í knattspyrnulögunum um 5 leikmannskiptingar með þremur leikstöðvunum. Ákveðið að dómarnefnd skoði betur hvort samræma megi fjölda skiptinga í hinum ýmsu mótum.
 - ✓ Rætt um viðurkenningar til dómara, m.a. þegar reynslumiklir dómarar láta af störfum. Koma þarf þessu í fastari skorður og er það í höndum dómarnefndar að leiða það mál til lykta.
- b. Mótamál.
 - ✓ Torfi Rafn Halldórsson formaður mótanefndar greindi frá því að Ísbjörninn hafi ekki tilkynnt þátttöku í 5. deild karla. *Stjórn KSÍ samþykkti þá tillögu mótanefndar að Álafoss taki sæti þeirra í 5. deild.* Riðlaskipting 5. deildar var lögð fram.
 - ✓ Þrettán félög hafa tilkynnt þátttöku í 2. deild kvenna. Ljóst að mótanefnd er vandi á höndum að sameina ólík sjónarmið félaganna um keppnisfyrirkomulag í deildinni.
 - ✓ Helga Helgadóttir formaður starfshóps um varalið í keppni meistaraflokks kvenna (þingskjal 13 frá ársþingi KSÍ 2022) fór yfir skýrslu starfshópsins. Hópurinn komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu og mun ekki leggja fram tillögur um keppni varaliða. Skýrsla hópsins verður send til félaganna. Rætt almennt um keppni varaliða og mögulega þátttöku liða tvö frá félögum inn í deildarkeppni. Stjórn KSÍ þakkar starfshópnum fyrir þeirra vinnu.

8. Önnur mál

- a. Næstu stjórnarfundir:
 - ✓ 9. febrúar
 - ✓ 24. febrúar á Ísafirði (stór stjórn)

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 20.18